



## Námskeið í Samhæfingarstöð almannavarna og þjálfun áhafnar

Í vetur hefur verið haldið þriggja daga grunnnámskeið fyrir áhöfn Samhæfingarstöðvar almannavarna. Þetta námskeið hefur verið haldið í fimm skipti, í nóvember, desember, janúar, febrúar og mars. Á námskeiðunum hafa verið fyrirlestrar um SÁBF kerfið og um meðferð og miðlun upplýsinga innan stjórnstöðva og miðlun upplýsinga frá stjórnstöðvum. Eitt verkefni um upplýsingaflæði hefur verið unnið í hópavinnu og svo hafa verið haldnar tvær æfingar á námskeiðunum. Fyrri æfingin er stutt, tvær klukkustundir, og snýst hún um viðbrögð við hópslysi. Síðari æfingin hefur spannað tvo daga en verið brotin upp með fræðslu. Hún hefur snúist um viðbrögð við meiriháttar náttúruhamförum.



Yfir 86 manns hafa nú lokið grunnnámskeiði fyrir áhöfn Samhæfingarstöðvar almannavarna. Þetta fólk kemur frá þremur einingum ríkislögreglustjóra (24), Slysavarnafélaginu Landsbjörg (11), Landspítala – háskólasjúkrahúsi (12), Landhelgisgæslu Íslands (8), Neyðarlínunni (14), Rauða krossi Íslands (6), Isavia (2), Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (6) og lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (3).

Starfsmenn almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra hafa séð um skipulag og framkvæmd námskeiðsins með dyggi aðstoð Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar og annarra starfsmanna félagsins. Þá hefur starfsmaður Isavia tekið þátt í bakskipulagi æfinga á námskeiðunum. Þá hafa starfsmenn Veðurstofu Íslands tekið þátt í æfingum á tveimur síðustu námskeiðum.

Á haustmánuðum verður flugslysaæfing á Egilsstöðum og verður Samhæfingarstöðin virkjuð að fullu í þeirri æfingu. Þá er verið að leggja drög að þriggja daga æfingu í Samhæfingarstöðinni í haust. Hugmyndin er sú að æfingin fari fram á dagvinnutíma og hver dagur sé ein vakt. Hver áhafnar meðlimur mun standa eina vakt á meðan æfingin stendur. Þessi æfing verður annaðhvort í byrjun október eða nóvember.

## Aukið samstarf Veðurstofunnar og almannavarnadeildar

### Þjálfunarmál

Samhliða þjálfun áhafnar Samhæfingarstöðvarinnar er keyrð tveggja daga æfing þar sem líkt er eftir eldgosi í vestanverðum Vatnajökli. Til þess að æfingin sé sem líkust raunveruleikanum, þá hafa starfsmenn Veðurstofunnar tekið þátt í æfingunni. Þeir sjá um hlutverk vísindamanna sem mæta til skrafs og ráðagerða með stjórnendum stöðvarinnar. Um tíu sérfræðingar hafa mætt og hefur þetta mælst mjög vel fyrir, bæði hjá áhöfninni og Veðurstofunni. Ákveðið leikrit er sett upp, en engin þörf er til þess að leikritið sé leikið, þar sem um alvöru sérfræðinga er að ræða og falla þeir strax í þeirra daglega hlutverk. Hér er því ekki einungis um að ræða þjálfun fyrir viðbragðsaðila, heldur læra sérfræðingarnir mikið á því til hvers er ætlast af þeim á hættustund og hvernig best er fyrir þá að koma þekkingunni frá sér.

### Heimsókn fagstjóra

Fagstjórar náttúrvár hjá Veðurstofu Íslands komu í heimsókn til almannavarnadeildar. Á fundinum var almenn umræða um störf deildarinnar, verkefni og skyldur.

### Fyrirlestrar um almannavarnir

Í framhaldi af heimsókn fagstjóra til almannavarnadeildar kom upp sú hugmynd að kynna almannavarnir og almannavarnalögin á fundum fagsviða hjá Veðurstofunni. Þrjú kynninga- og umræðufundir hafa farið fram á Veðurstofunni þar sem farið er yfir almannavarnalögin og þær reglugerðir sem þeim fylgja.



## Málþing um móttöku erlendrar neyðaraðstoðar (HNS)

Eins og fram kom í síðasta fréttabréfi leiðir Rauði krossinn á Íslandi verkefni um móttöku erlendrar neyðaraðstoðar (HNS) en þeir fengu styrk frá ECHO, stjórnarsviði mannúðaraðstoðar og almannavarna hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, til að greina mögulega þætti í laga- og reglugerðaumhverfi Íslands sem geta hindrað eða hamlað aðkomu erlends hjálparliðs til Íslands. Greiningarvinnan fór fram á árinu 2013. Í framhaldinu verða unnar tillögur að því hvernig hægt sé að draga úr hugsanlegum hamlandi þáttum. Lögfræðistofan LOGOS annaðist greiningarvinnuna. Verkefnið er unnið samhliða í fimm Evrópulöndum, Íslandi, Finnlandi, Írlandi, Lettlandi og Póllandi, og samhæft af Rauða krossinum á Íslandi.

Greiningarvinnan byggir á viðmiðunarreglum Evrópusambandsins um þjónustu heimaríkis við utanaðkomandi aðstoð (EU Host Nation Support Guidelines) og samsvarandi viðmiðunarreglum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (Guidelines for the Domestic Facilitation and Regulation of International Disaster Relief and Initial Recovery Assistance).



Á fjölmennu málþingi sem haldið var 19. febrúar var kynnt greining á þáttum sem hindra eða tefja að alþjóðlegar bjargir geti borist til Íslands á neyðartímum og tillögur um áhættuminnkandi aðgerðir. Jón Brynjar Birgisson kynnti verkefnið og aðdraganda þess. Sigurbjörn Ingimundarson fulltrúi á Lögmannsstofunni Logos, kynnti helstu niðurstöður greiningarskýrslu á þáttum sem takmarka eða hindra aðkomu alþjóðlegs hjálparliðs til Íslands á neyðartímum. Guðrún Jóhannesdóttir frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra kynnti síðan móttöku erlendrar neyðaraðstoðar.

Fram kom að íslensk lög og reglugerðir virkuðu hamlandi á aðkomu alþjóðlegs hjálparliðs á neyðartímum hér á landi og má þar nefna vegabréfsáritanir, tímabundið atvinnuleyfi, viðurkenningu starfsréttinda sérfræðinga, tolla, matvæla- og lyfjainnflutning og innflutning á dýrum til björgunarstarfa svo eitthvað sé nefnt. Einnig þarf að líta til fjarskiptamála, fjármagnsflutninga, samskipta við fjölmiðla og flutning hjálpargagna.

Eins þarf að greina hver tæki ákvörðun um að kalla eftir alþjóðlegri aðstoð, þar sem slíkt er ekki einungis metið út frá aðgerðarstjórnun heldur er einnig um pólitíska ákvörðun að ræða. Þá þarf að meta umfang aðgerða og getu viðbragðsaðila í almannavarnakerfinu, sem er mjög öflugt hér á land.

## Vettvangsstjóranámskeið

Helgarnar 14-16. mars og 21-23. mars var haldið fjölmennt vettvangsstjóranámskeið á Kirkjubæjarklaustri með þátttöku allra viðbragðsaðila á svæðinu frá Vík að Klaustri. Hópurinn fékk fjölbreytt verkefni að takast á við þar sem m.a. sveitarfélagið Hvergivík varð fyrir ýmsum hörmungum þar sem reyndi verulega á almannavarnakerfi bæjarins. Hópurinn kom Hvergivík ítrekað til bjargar þessa daga sem námskeiðið var og leysti öll verkefni farsælega. Lokaverkefni hópsins var að takast á við hættu sem þau þekka mjög vel en það var eldgos í Kötlu með tilheyrandi áskorunum og umfangi. Mjög gaman var að fylgjast með hópnum að störfum og hversu vel þau tókust á við verkefnið.



## Hlaup í Skaftá

Þann 19. janúar var lýst yfir óvissustigi vegna hlaups úr Skaftárkötlum í Vatnajökli. Hlaupið kom úr vestari Skaftárkatlinum, sem hljóp síðast úr í september 2012. Stærsti hluti hlaupsins fór í Eldvatn og þaðan í Kúðafliót. Hlaupið var frekar lítið og lítið tjón varð vegna hlaupsins.

## Jökulhlaup í Gígjukvísl

Jökulhlaup úr Grímsvötnum í Gígjukvísl hófst þann 25 mars. Hlaupið var frekar lítið og hámarksrennsli um 1000 rúmmetrar á sekúndu.

## Fjarskiptaprófun á Kötlusvæðinu

Boðunaræfing almannavarna var framkvæmd þann 15. mars á áhrifasvæði hugsanlegs eldgoss í Kötlu. Send voru SMS skilaboð í alla farsíma sem tengdir voru á svæðinu frá Hvolsvelli í vestri að Kirkjubæjarklaustri í austri. Prófunin var að frumkvæði almannavarnanefndar Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslu með aðstoð almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar. Alls bárust boðin í 6166 farsíma og af þeim voru rúmlega 100 erlend símanúmer. Einnig voru send boð á viðbragðsaðila, sem fá boð þegar viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Mýrdalsjökli er virkjuð.

## Fundur norrænna sérfræðinga

Almannavarnadeildin tekur þátt í samstarfi norrænna sérfræðinga í almannavörnum. Samkvæmt HAGA yfirlýsingunni frá 2009 ákváðu ráðherrar almannavarna á Norðurlöndum að auka og styrkja samstarfið milli landanna í málefnum almannavarna með samstarfi í vinnuhópum. Með HAGA II yfirlýsingunni frá árinu 2011 var enn frekari áhersla lögð á samstarfið með fleiri vinnuhópum. Einn vinnuhópur var stofnaður um samstarf um miðlun upplýsinga í almannavarnaástandi. Fulltrúar hópsins hafa komið tvisvar til Íslands og fundað með fulltrúum starfshópsins í almannavarnadeildinni. Hefur hópurinn skipst á skoðunum og kynnt miðlun upplýsinga í almannavarnaástandi á Norðurlöndum. Norðmenn og Svíar hafa sett upp vefsíður sem notaðar eru þegar miðla þarf mikilvægum upplýsingum til íbúa í almannavarnaástandi. Nýverið urðu miklir kjarr- og sinueldar í Noregi og var hægt að nálgast allar upplýsingar um viðbrögð vegna brunans á vefsíðunni [www.kriseinfo.no](http://www.kriseinfo.no). Svíar hafa sett upp svipaða vefsíðu [www.krisinformation.se](http://www.krisinformation.se) þar sem hægt að nálgast upplýsingar um viðbrögð í hættuástandi í Svíþjóð. Á fundinum skiptust þjóðirnar á reynsludæmum um notkun samfélagsmiðla í almannavarnaástandi. Auk hefðbundinna fundarstarfa kynnti Jónas Guðmundsson Save travel verkefnið, Þórir Ingvarsson frá LRH kynnti fésbókarsíðu lögreglunnar og reynsluna af henni og Einar Pétur Heiðarsson kynnti niðurstöður spurningakönnunar FutureVolc verkefnisins. Norðurlöndin fyrirhuga samskiptaæfingu um miðlun upplýsinga í almannavarnaástandi sem haldin verður á Íslandi í byrjun maí.

**safetravel.is**



## Neyðarkall á Faxaflóa

Mikill viðbúnaður var hjá viðbragðsaðilum þegar neyðarkall barst á neyðar- og uppkallsrás skipa og báta þann 2. febrúar s. l., þar sem óskað var eftir aðstoð vegna skipverja í hættu í sökkvandi bát á Faxaflóa. Samhæfingarstöð almannavarna var virkjuð og leit með þyrlum, björgunarskipum og öðrum viðbúnaði var sett í gang. Eftir ítrekaða leit hefur ekkert fundist sem bendir til að bátur hafi lent í sjávarháska og því var að öllum líkindum um gabb að ræða. Í lögum um almannavarnir 82/2008 33 gr. segir, að sá sem uppvís verður að því að gefa af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi ranga tilkynningu til samhæfingar- og stjórnstöðvar skuli sæta refsingu skv. 120 gr. og 120 gr. a almennra hegningarlaga.

## 1-1-2 dagurinn

Venju samkvæmt var 1-1-2 dagurinn haldinn hátíðlegur í Skógarhlíðinni þann 11. febrúar. Að þessu sinni var áhersla lögð á öryggi á ferðalögum að vetri til, en vetrarmánuðirnir eru mjög annasamir hjá Neyðarlínunni 1-1-2 og viðbragðsaðilum. Vegagerðin mun í auknum mæli loka vegum með slám til að koma í veg fyrir að fólk sitji fast í bílum á ófærum fjallvegum. Fyrsta sláin var formlega tekin í notkun við Litlu Kaffistofuna í tilefni dagsins. Sett verða upp tilkynningaskilti og slár við fjölmennar leiðir. Ljósaskilti sem sýna veðuráðstæður hafa nú verið uppfærð og ef vegur er lokaður birtist texti bæði á íslensku og ensku – „lokað“ og „closed“ á víxl. Að þessu sinni var skyndihjálparmaður ársins heiðraður þann 9. febrúar hjá Rauða krossinum við Efstaleiti. Bylgja Dögg Sigurðardóttir var valin skyndihjálparmaður ársins 2013 en hún bjargaði Patreki Maron Magnússyni með kunnáttu sinni í skyndihjálp. Viðurkenningu fengu Heiðar Arnfinnsson, Mosfellsbæ, sem bjargaði tengdaföður sínum eftir að hann féll af 2. hæð sumarbústaðar við Meðalfellsvatn og hrygg- og hálsbrotnaði; Heimir Hansson og Sveinbjörn Björnsson, Ísafirði, sem hnoðuðu lífi í nágretta sinn eftir að hann fór í hjartastopp við snjómokstur; og Jóhanna Guðmundsdóttir, sem kom konu til aðstoðar eftir að hún fór í hjartastopp rétt fyrir jólin í konubóði í Skerjafirðinum.



## Kynning á styrkjum í Horizon 2020

Þann 27. febrúar var Rannís með kynningu á nýrri rannsóknaráætlun ESB – Horizon 2020 – um öryggismál. Í þessari nýju áætlun er lögð áhersla á tengsl atvinnulífsins við rannsóknir. Mörg verkefni eru í áætluninni fyrir rannsóknir í almannavörnum þar sem lögð er áhersla á áfallapol almannavarna, sveitarfélaga og almennings vegna hamfara í samfélaginu, neyðarstjórnun og vernd mikilvægra innviða.



## Kynningar- og samstarfsfundur með Viðlagatryggingu Íslands



Í byrjun mars var samstarfsdagur almannavarnadeildarinnar og Viðlagatryggingar Íslands.

Starfsmenn Viðlagatryggingar heimsóttu almannavarnadeildina fyrir hádegi og fengu kynningu á lögbundnum verkefnum almannavarna og aðgerðum í Samhæfingarstöðinni. Í almannavarnaástandi hefur Viðlagatrygging komið að starfinu í þjónustumiðstöðvum almannavarna og veitt upplýsingar um tjónabætur og mat, en Viðlagatrygging er lögbundin náttúruhamfaratrygging sem bætir beint tjón á tryggðum eignum af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Eftir hádegið heimsóttu starfsmenn almannavarnadeildarinnar Viðlagatryggingu. Þar voru kynnt nokkur verkefni Viðlagatryggingar. Sérstaklega áhugaverð var

kynning á innleiðingu ISO:9001 vottunar á gæðakerfi stofnunarinnar. Þá var einnig kynnt metnaðarfull viðbragðsáætlun Viðlagatryggingar, sem unnin var í samstarfi við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Veðurstofuna, Háskóla Íslands, Verkís og fleiri. Mikilvægt er að stofnanir sem vinna saman í almannavarnaástandi þekki vel til starfa hvors annars til að auðvelda samvinnu og samhæfingu aðgerða.

## Óvissustig vegna snjóflóðahættu á Vestfjörðum og Austfjörðum

Mikil úrkoma var um miðjan janúar á Austfjörðum og féllu nokkur snjóflóð. Lýst var yfir óvissustigi 17. janúar og aftur 8. mars á vegna snjóflóðahættu á Austfjörðum. Einnig var lýst yfir óvissustigi og hættustigi á Vestfjörðum í byrjun árs vegna snjóflóðahættu þar.